

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 22.03.2017
Tilv. 2017/0282 - 0.3.01
HS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 16. mars 2017, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill vekja athygli á eftirfarandi vegna 4. gr. frumvarpsins, væntanlegri 27. gr. b. vopnalaga nr. 16/1998.


Í nefndri grein segir að sá sem framleiðir, flytur inn, flytur út eða verslar með forefni til sprengiefnagerðar getur áskilið sér rétt til að hafna grunsamlegum viðskiptum. Þá segir í 2. málslíð sömu greinar að skylt sé að „tilkynna um viðskiptin, tilraun til slíkra viðskipta, þar á meðal grunsamlegra fyrirspurna, án óþarfa tafa, þ.m.t., ef mögulegt er, upplýsingar um deili á viðskiptamanninum, til lögreglustjóra, tollstjóra eða annars tengiliðar á landsvísu.“

Neytendastofa telur rétt að nafngreina aðeins einn aðila sem fær það hlutverk að taka við tilkynningum um grunsamleg viðskipti og mikilvægt að það sé bundið í lögum. Væntanlega, miðað við efni frumvarpsins, er eðlilegast að fela þetta hlutverk einvörðungu lögreglustjóra. Aðilar myndi þá leita beint til lögreglustjóra, í sínu umdæmi, með tilkynningar eða leiðbeiningar sem þeir kunna að þurfa í tengslum við framkvæmd laga þessara, ef að lögum verður. Lögreglustjóri gæti síðan sjálfur leitað til annarra stjórnvalda eftir því sem við gæti átt, t.d. tollstjóra, annarra eftirlitsstjórnvalda sem eftirlit hafa með viðskiptalífínu eða annarra stjórnvalda sem kunna að hafa nánari upplýsingar sem nýst geta við rannsókn málsins, í samræmi við atvik hverju sinni.

Neytendastofa telur ekki að svo stöddu ástæðu til frekari athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Helga Sigmundsdóttir
lögfræðingur